



TÓNSKÓLI  
ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

# NÁMSKRÁ

2023-2024

## EFNISYFIRLIT

### Skipulag organistamenntunar

Kirkjuorganistapróf

Kantorspróf

Einleiksáfangi

BA-gráða í kirkjutónlist

Námskröfur

Námsmat

### Yfirlit yfir námsáfangan organistanáms

Starfsnám organista

- Kirkjuorganistapróf
- Kantorspróf
- Einleiksáfangi
- BA-gráða Kynningarnámskeið Hjálparnámskeið

Stytttri námskeið (*Masterclass*)

### Áfangalýsingar - aðalgreinar

Orgelleikur

Litúrgískur orgelleikur

Kórstjórn

### Áfangalýsingar - stuðningsgreinar

Söngur

Hljómborðsleikur

### Áfangalýsingar - bóklegar greinar

Kirkjufræði

Kirkjusöngfræði

Sálma & helgisiðafræði

Orgelfræði

### Stuðningur og

endurmenntun

Kórstjórnarnám

Fjarnám

Stytttri námskeið

### Viðbætur

Saga og þróun

Hlutverk og markmið

Um stjórnun skólans

## **Skipulag organistamenntunar**

Tónskóla Þjóðkirkjunnar er ætlað að halda uppi kennslu í kirkjutónlist og litúrgískum fræðum og mennta organista til starfa við kirkjur landsins.

Boðið er uppá fjórar námsbrautir; Kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði, Einleiksáfangi og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

### **Kirkjuorganistapróf**

Kirkjuorganistapróf er hugsað sem lágmarksmenntun fyrir organista við kirkjur í fámennari söfnuðum og til afleysinga. Ljúka þarf miðstigi í orgelleik, litúrgískum orgelleik I, kórstjórn I, grunnprófi í söng auk kirkjulegra fræðigreina.

### **Kantorspróf**

Kantorspróf veitir starfsréttindi til að starfa sem organisti innan Þjóðkirkjunnar. Nemendur stunda nám í orgelleik (*framhaldspróf*), litúrgískum orgelleik II og III, kórstjórn II og III, söng auk kirkjulegra fræðigreina.

### **Einleiksáfangi**

Einleiksáfangi er viðbótarnám að loknu kantorsprófi fyrir þau sem vilja afla sér meiri menntunar í orgelleik.

### **BA-gráða í kirkjutónlist**

Námið er í samvinnu Listaháskóla Íslands og Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Námið opnar möguleika á framhaldsnámi til Mastersgráðu í kirkjutónlist við tónlistarháskóla erlendis og mun veita kirkjunni hæfustu organista sem völ er á.

### **Námskröfur**

Nemandi skili 80% mætingu í allar greinar, þar sem það á við, og skili verkefnum og prófum samkvæmt námskrá. Hluti námsins felst í að koma fram opinberlega á tónleikum. Lögð er áhersla á að allir nemendur komi fram minnst einu sinni á hverri önn.

## Námsmat

Nemendur fá einkunnir fyrir próf og verkefni og skriflega umsögn frá kennurum sínum í öllum fögum. Einkunnir eru gefnar fyrir ástundun og árangur.

## Yfirlit yfir námsáfangi organistanáms

### **Starfsnám organista – Kirkjuorganistapróf, Kantorspróf, Einleiksáfangi og BA-gráða í kirkjutónlist**

Námið er sett upp sem hér segir; eitt til tvö ár til að ljúka Kirkjuorganistaprófi (hægt að stunda meðfram annarri vinnu) og þrjú ár til að ljúka Kantorsprófi eða þrjú ár til að ljúka BA-gráðu + tvö til þrjú ár til að ljúka Mastersprófi í kirkjutónlist við tónlistarskóla erlendis. Námsgreinum er raðað saman í áfangi eða námskeið og hvert námskeið er metið til eininga.

## Kirkjuorganistapróf

Inntökuskilyrði: Miðstig á píanó.

*Aðalgreinar*

Orgel (*þarf að ljúka miðstigi*)

Litúrgískur orgelleikur I

Kórstjórn I

*Stuðningsgreinar*

Söngur (*þarf að ljúka grunnstigi*)

Hljómborðsleikur - bókstafahljómar

*Bóklegar greinar*

Kirkjufræði I

Kirkjufræði II

Kirkjusöngfræði I - Grunnur

Kirkjusöngfræði II –Tónbókmenntir

Aðalgreinar		1.önn	2.önn	3.önn	4. önn
ORG	Orgel ( <i>miðstig</i> )	2	2	2	2
LTO	Litúrgískur orgelleikur, LTO 102 og 202			2	2
KÓS	Kórstjórn, KÓS 102 og 202			2	2
<b>Stuðnings greinar</b>					
SÖN	Söngur ( <i>grunnstig</i> )	1	1	1	1
HBL 121	Hljómborðsleikur – Bókstafahljómar		1		
<b>Bóklegar greinar</b>					
KFR -102	Kirkjufræði I	2			
KFR-201	Kirkjufræði II		1		
KSF-101	Kirkjusöngfræði - Grunnur	1			
KSF-201	Kirkjusöngfræði -Tónbókmenntir		1		
	<b>SAMTALS EININGAR</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>7</b>

# Kantorspróf

## Aðalgreinar

Orgel (*þarf að ljúka framhaldsstigi*)

Litúrgískur orgelleikur II og III

Kórstjórn II og III

## Stuðningsgreinar

Aukahljóðfæri / Píanó Söngur

(*þarf að ljúka miðstigi*)

Tölusettur bassi

## Bóklegar greinar

Sálma & Helgisiðfræði

Orgelfræði

1. ár		2. ár	
1.önn	2.önn	3.önn	4. önn

Einingar

## Aðalgreinar

ORG	Orgel ( <i>framhaldsstig</i> )	3	3	3	3
LTO	Litúrgískur orgelleikur, 303, 403, 503 og 603	3	3	3	3
KÓS	Kórstjórn, KÓS 302, 402, 502, 602	2	2	2	2
<b>Stuðnings greinar</b>					
SÖN	Söngur ( <i>miðstig</i> )	1	1	1	1
HBL	Hljómborðsleikur – HBL 101Tölusettur bassi			1	
<b>Bóklegar greinar</b>					
SFR	Sálma & helgisiðfræði, SFR 102, SFR 202, SFR 302		2	2	2
OFR	Orgelfræði, OFR 102, OFR 201	2	1		
	<b>SAMTALS EININGAR</b>	<b>9</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>9</b>

## **Einleiksáfangi**

Einleiksáfangi er viðbótarnám að loknu kantorsprófi fyrir þau sem vilja afla sér meiri menntunar í orgelleik. Náminu lýkur með opinberum tónleikum, þar sem flutt er heil efnisskrá stærri orgelverka.

## **BA-gráða í Kirkjutónlist**

180 eininga nám - í samvinnu við Listaháskóla Íslands

Inntökuskilyrði. Þarf að hafa lokið Kirkjuorganistaprófi eða sambærilegri menntun auk inntökuprófs. Sjá skipulag námsins á vefsíðu lhi.is

## **Stytttri námskeið**

Tónskólinn hefur iðulega boðið nemendum og starfandi organistum styttri námskeið (*Masterclassse*) á ýmsum sviðum sem bæði nýtast nemendum skólans og einnig organistum í starfi til símenntunar.

## **Orgelnámskeið fyrir börn**

Tónskóli Þjóðkirkjunnar býður upp á orgelnámskeið fyrir börn þar sem þau fá tækifæri til að kynna hljóðfærinu og koma fram. Boðið er upp á einkatíma í orgelleik og reglulega hóptíma.

## **Endurmenntun**

Tónskólinn býður upp á endur- og símenntun á sviði kirkjutónlistar einkum í orgelleik og söng en einnig styttri námskeið tengd kirkjutónlist sem einkum eru ætluð til að nýtast starfsfólki í kirkjum landsins.



## Áfangalýsingar aðalgreina

### Orgelleikur

Almenn námslýsing

Aðalgrein hljóðfæraleiks. Kennt er samkvæmt námskrá hljómborðshljóðfæra, gefinni út af Menntamálaráðuneytinu.

Námsmat

Nemendur fá umsögn frá kennara fyrir frammistöðu og ástundun. Nemendur leika 2-3 mismunandi verk fyrir prófdómara eftir hvern námsvetur, annað hvort í prófi eða á tónleikum.

Námsáfangar

Áfangapróf eru tekin samkvæmt námskrá Menntamálaráðuneytisins. Um er að ræða sambærilegt nám og miðstig og framhaldsstig. Auk þess þarf að undirbúa efnisskrá fyrir lokatónleika.

### Litúrgískur orgelleikur

Markmið

Að nemandi öðlist færni í að leika á orgel við kirkjulegar athafnir og guðspjónustur.

Forkröfur

Viðkomandi þarf að vera kominn áleiðis í miðnámi á orgel.

Heimanám

Gera þarf ráð fyrir reglulegum æfingum og undirbúningi verkefna milli tíma í öllum áföngum. Miðað er við að nemendur fái 45 mínútna kennslutíma á viku í fyrstu fjórum áföngunum og 60 mínútur á viku í síðustu tveimur áföngum. Mætingaskylda er 80%

Litúrgískur orgelleikur 102 og 202 (LTO I)

### **Námskeiðslýsing**

Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng á orgel. Áhersla lögð á viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddval bæði með tilliti til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds. Einnig þjálfast nemendur í leik af fingrum fram en lögð er áhersla á að nemendur geti spunnið stutt sálmaforspil.

Kennslutími: 45 mínútur á viku í einkatímum.

### **Hæfniviðmið**

geta leikið sálmalög úr íslensku sálmaabókinni af öryggi með fótspili, bæði eftir fjögurra radda kóralnótamynd og eftir bókstafshljómum (Ný sálmasöngsbók 2023).

geta útbúið sálmaforspil

geta leitt safnaðarsöng

### **Námsmat**

Litúrgískur orgelleikur 102: Kennaramat

Litúrgískur orgelleikur 202: Próf

### **Prófkröfur**

Undirbúinn hluti

- Messa með sígildu tónlagi skv. Sálmaabók 2022 leikin með fótspili og fimm sálmar valdir af nemanda óháð kirkjuári. Messan skal leikin með dýrðarsöng og altarisgöngu. Nemandi skili skriflegu yfirliti yfir messuliði og sálma. Allir sálmarnir skulu leiknir með fótspili og stuttum forspilum. Fjórir sálmanna skulu leiknir eftir fjögurra radda kóralnótamynd (Ný sálmasöngsbók 2023, orgelútgáfa) og einn eftir bókstafshljómum. Nemandi skal leika a.m.k. tvö erindi í hverjum sálmi. Tekið skal tillit til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds með viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddvali.

Valið úr sálmalista

- Nemandi skilar lista yfir 25 sálma sem hann hefur undirbúið. Prófdómari velur tvo sálma með sólarhringsfyrirvara sem nemandi leikur með fótspili og stuttum forspilum. Sálarnir skulu leiknir eftir fjögurra radda kóralnótmynd (Ný sálmasöngsbók 2023, orgelútgáfa).

Stuttur, frjáls spuni

Heildarsvipur

## Lítúrgískur orgelleikur 303 og 403 (LTO II)

### Námskeiðslýsing

Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng á orgel. Áhersla lögð á viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddval bæði með tilliti til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds. Nemendur öðlist færni í hljómsetningu sálmalaga og þjálfist í tónflutningi. Einnig þjálfast nemendur í leik af fingrum fram en lögð er áhersla á að nemendur geti spunnið stutt sálmaforspil.

Kennslutími: 45 mínútur á viku í einkatímum.

### Hæfniviðmið

geta leikið sálmalög úr íslensku sálmaabókinni af öryggi með fótspili, bæði eftir fjögurra radda kóralnótnamynd, eftir bókstafshljómum (Ný sálmasöngsbók 2023) og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil (tríóspil).

hafa færni í hljómsetningu sálmalaga og geti spunnið stutt og einföld sálmaforspil.

geta leitt safnaðarsöng.

geta tónflutt sálm upp eða niður hálfan til heilan tón, til og með fjórum formerkjum.

geta útbúið sálmaforspil.

### Námsmat

Lítúrgískur orgelleikur 303: Kennaramat

Lítúrgískur orgelleikur 403: Próf

### Prófkjöfur

Undirbúinn hluti

- Messa með sígildu tónlagi skv. Sálmaabók 2022 leikin með fótspili. Messan skal leikin með altarisgöngu. A.m.k. sex sálmar valdir af nemanda, a.m.k. þrjár sálmar leiknir eftir fjögurra radda kóralnótnamynd (Ný sálmasöngsbók 2023, orgelútgáfa) með fótspili og stuttum forspilum, a.m.k. einu frumsömdu. Nemandi velur sunnudag úr kirkjuárinu og skilar skriflegu yfirliti yfir

messuliði og sálma þar sem fram kemur hvers konar sálmaútsetningar eru leiknar í hverjum sálmi og hvaða vers. Nemandi skal leika a.m.k. tvö vers í hverjum sálmi. Tríóspil kemur fyrir í a.m.k. einum sálminum sem leikinn er eftir fjögurra radda kóralnótamynd (sópran leikinn með hægri hendi, alt og tenór með vinstri hendi og bassi með fótum). A.m.k. einn sálmur er hljómsettur af nemanda og leikinn með fótspili og frumsömdu forspili. Leika skal a.m.k. þrjú erindi sálmsins, þar sem einnig kemur fyrir tríóspil. Tekið skal tillit til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds með viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddvali. Í messunni skal koma fyrir einn lengri spuni (hámark 4-5 mínútur), t.d. undir altarisgöngu.

#### Óundirbúinn hluti (prima vista)

- Spinna stutt forspil að sálmi úr sálmasöngsbók (Ný sálmasöngsbók 2023, orgelútgáfa) og leika hann eftir fjögurra radda kóralnótamynd með fótspili.

(30 mín. undirbúningstími)

- Sálmur úr sálmasöngsbók tónfluttur upp eða niður um hálfan til heilan tón til og með fjórum formerkjum. Leika skal sálminn eftir fjögurra radda kóralnótamynd.

Heildarsvipur

## Námskeiðslýsing

Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að leika undir og leiða almennan safnaðarsöng á orgel. Áhersla lögð á viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddval bæði með tilliti til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds. Nemendur öðlist færni í hljómsetningu sálmalaga, þjálfist í tónflutningi og geti leikið laglínu sálmalaga í öðrum röddum en sópran. Einnig þjálfast nemendur í orgelspuna en lögð er áhersla á að nemendur geti spunnið sálmaforspil og lengri sálmaforleiki. Áhersla er einnig lögð á lengri frjálsan spuna. Kennslutími: 60 mínútur á viku í einkatímum.

## Hæfniviðmið

geta leikið sálmalög úr íslensku sálmaabókinni af öryggi með fótspili, bæði eftir fjögurra radda kóralnótamynd, eftir bókstafshljómum og á mismunandi hátt m.a. á tvö hljómborð og fótspil.

hafa færni í hljómsetningu sálmalaga og geti spunnið stutt og einföld sálmaforspil.  
geta leitt safnaðarsöng.

geta útbúið stutt sálmaforspil og lengri sálmaforleiki með mismunandi aðferðum, hljómsett sálmalög, tónflutt sálmalag upp eða niður hálfan eða heilan tón og spilað laglínu sálmalaga í öðrum röddum en sópran.

hafi þekkingu á spuna í ólíkum stíltegundum og geti útbúið styttri form til notkunar við helgihald.

## Námsmat

Litúrgískur orgelleikur 503: Kennaramat

Litúrgískur orgelleikur 603: Próf

## Prófkröfur

Undirbúinn hluti

Messa með sígildu tónlagi skv. Sálmaabók 2022 leikin með fótspili. Messan skal leikin

með altarisgöngu. A.m.k. sex sálmar valdir af nemanda og leiknir á fjölbreyttan hátt að vali nemanda með fótspili og eigin forspilum. Nemandi velur sunnudag úr kirkjuárinu og skilar skriflegu yfirliti yfir messuliði og sálma þar sem fram kemur hvers konar sálmaútsetningar eru leiknar í hverjum sálmi og hvaða vers. Nemandi skal leika a.m.k. tvö vers í hverjum sálmi. Tríóspil kemur fyrir í a.m.k. einum sálminum (laglína leikin með hægri hendi í sópran, alt og tenór með vinstri hendi og bassi með fótum). Í einhverjum af völdum sálum skal laglínuspil í öðrum röddum en sópran koma fyrir, m.a.í tenór með vinstri hendi og bassa með fótspili. Tekið skal tillit til stíls og uppruna laganna, texta og textainnihalds með viðeigandi artíkúlasjón, hraða og raddvali. Í messunni skal spinna eftirspil.

Óundirbúinn hluti (prima vista)

- Hljómsetja sálmalaglínu

(15 mínútna undirbúningstími)

- Sálmur úr sálmasöngsbók tónfluttur upp eða niður um hálfan til heilan tón til og með fjórum formerkjum. Leika skal sálminn eftir fjögurra radda kóralnótnamynd.

Heildarsvipur

## **Kórstjórn**

Almenn lýsing og markmið:

Markmið námsins er að gefa nemendum nauðsynlega undirstöðu í kórstjórn í samræmi við kröfur íslensku þjóðkirkjunnar um menntun á kirkjutónlistarsviði. Í því felst að undirbúa kórverk, með eða án undirleiks, og stjórna flutningi þeirra við helgihald og á tónleikum. Nemandi öðlist tæknilega færni og þekkingu til að túlka og móta tónlistina á skýran hátt með tilliti til stíls, textainnihalds og stemmingar. Nemandinn öðlist þekkingu á uppbyggingu kórastarfs, skipulagi kóræfinga, raddmótun og viðeigandi verkefnavali. Miðað er við að kennslan fari fram í hóp í masterclass formi og að hver nemandi fái að lágmarki 20 mínútna virkan kennslutíma allan veturinn.

*Kórstjórn 102 og 202 (KÓS I)*

### **Námskeiðslýsing**

Undirstöðuatriði kórstjórnar; slagtækni, samvinna hægri og vinstri handar, hendingamótun, mismunandi takttegundir. Grundvallaratriði raddþjálfunar og upphitun radda. Í lok annar stjórnar nemandi einu kórverki.

### **Hæfniviðmið**

Nemandi læri að slá grunntakttegundir (2,3,4 og 6) með skýru, taktföstu slagi og góðri líkamsbeitingu. Nemandi hafi vald á taktslagi fyrir mismunandi styrkleika. Nemandi kunni skil á sjálfstæðri notkun handanna við túlkun kórverka. Nemandi öðlist þekkingu á tilgangi raddþjálfunar í kórstarfi og geti stýrt upphitun. Nemandi öðlist færni til að æfa og stjórna einföldu fjögurra radda kórverki.

### **Námsmat**

Kórstjórn 102: Nemandi stjórnar einu kórverki á tónleikum, kennaramat

Kórstjórn 202: Nemandi stjórnar einu kórverki á tónleikum, kennaramat



## *Kórstjórn 302 og 402 (KÓS II)*

### **Námskeiðslýsing**

Áfram unnið með slagtækni, hendingamótun, mismunandi takttegundir, fermötur, hraðabreytingar, raddþjálfun og upphitun radda. Nánar unnið með æfingatækni. Nemendur þjálfast í að velja kórverk fyrir tónleika og gera lagaröð.

### **Hæfniviðmið**

Nemandi læri að slá í öllum helstu takttegundum og geti notað báðar hendur fyrir innkomur, fermötur og styrkleikabreytingar. Nemandi öðlist þekkingu á tilgangi raddþjálfunar í kórstarfi og geti stýrt upphitun. Nemandi öðlist færni til að æfa og stjórna kórverkum í mismunandi stílum.

### **Námsmat**

Kórstjórn 302: Nemandi stjórnar einu kórverki á tónleikum, kennaramat

Kórstjórn 402: Nemandi skilar inn lagaröð fyrir tónleika og stjórnar einu kórverki á tónleikum, kennaramat.

## Kórstjórn 502 og 602 (KÓS III)

### Námskeiðslýsing

Áfram unnið með slagtekni og farið dýpra ofan í túlkun og hendingamótun. Unnið með verk í óhefðbundnum taktegundum svo sem gregorsöng og english chant.

Áfram unnið með æfingatekni, rætt um uppbyggingu kórstarfsins og ýmsar áskoranir sem kórstjóri gæti þurft að takast á við t.d. félagslega.

### Hæfniviðmið

Nemandi læri að slá í öllum helstu taktegundum og geti notað báðar hendur fyrir innkomur, fermötur og styrkleikabreytingar. Nemandi öðlist þekkingu á tilgangi raddþjálfunar í kórstarfi og geti stýrt upphitun. Nemandi öðlist færni til að æfa og stjórna kórverkum í mismunandi stílum.

### Námsmat

Kórstjórn 502: Nemandi stjórnar einu kórverki á tónleikum, kennaramat

Kórstjórn 602: Próf

Prófkröfur 602 - Undirbúin verkefni:

1. Stjórna gregorskum söng eða „english chant“. Vægi. 20%
2. Stjórna tveimur veigamiklum kórverkum af mismunandi stílgerð.  
Vægi 40%
3. Skila áætlun fyrir kóræfingu með upphitun, raddþjálfun og æfingu radda fyrir verkefni (t.d. 4 radda mótetta) sem afhent er minnst 5 dögum fyrir próf og nemandi vinnur á eigin spýtur. Vægi 20%
4. Stjórna verkefni sbr. lið 3, sýna verklega þætti úr áætlun eftir óskum prófdómara og svara spurningum hans. Vægi 20%

## Valáfangar í kórstjórn:

- a) Barnakórstjórn. 10 tímar 1 eining

Nemandi tekur þátt í þjálfun starfandi barnakórs undir leiðsögn stjórnanda hans. Námskeiðið fer fram sem fyrirlestrar, umræður og virk þátttaka á æfingum barnakórs

- b) Kantata/óratoría (hljómsveitarstjórn). 10 vikur 2 einingar.

Forkröfur: Hafa lokið kórstjórn 402 eða sambærilegu námi.

Nemandi tekur þátt í undirbúningi flutnings á kirkjulegi verki fyrir kór og hljómsveit (kantata, óratoría, messa) undir leiðsögn stjórnanda verksins.

Nemandi sæki a.m.k. 10 æfingar, bæði kór- og hljómsveitaræfingar. Til að ljúka áfanga þarf nemandi að skila æfingaáætlun fyrir hljómsveitaræfingar vegna flutnings á kirkjulegu kórverki með hljómsveit (t.d. kórkantötu eftir Bach eða messu eftir Mozart), greinargerð um framkvæmd námskeiðsins og umsögn leiðbeinanda. Munnlegt próf.

## Áfangalýsingar - stuðningsgreinar

### Söngur

#### Lýsing

Söngur er skyldugrein fyrir orgelnemendur. Nemendur fá 60 mínútna einkatíma á viku. Söngnámið er miðað við hlutverk organista sem forsöngvara og kórstjóra. Áhersla er lögð á samsöng og að nemandi öðlist þá þekkingu á raddbeitingu og hljómmyndun sem nýtist við tilsögn kóra. Meginþættir kennslunnar eru: raddbeiting, raddþjálfun, söngur og kennslufræði. Áhersla er lögð á líffræði raddarinnar og eðlilega beitingu líkamans.

#### Markmið

Söngkennslan er stuðningur við kórstjórnarnámið.

#### Námsmat

Umsögn kennara og próf.

## Hljómborðsleikur

### Almenn námslýsing

Unnið út frá verklegri hljómfraeði við hljómborðið í ýmsum stíltegundum. Unnið út frá grunnþjálfun í tölusettum bassa (barokktónlist) og út frá bókstafshljómum (dægurtónlist/rytmísk tónlist). Grunnatriði hljómsetningar sálmalaga, almennra sönglaga og dægurtónlistar, tóntegundaskipti og tónflutningur.

Forkröfur: Kunna skil á almennri hljómfraeði.

### Námsáfangar

*HLB 121 Bókstafshljómar* (1 önn, 1 eining)

Markmið áfangans að kunna skil á kerfum bókstafshljóma, geta lesið úr þeim og hljómsett einföld lög. Námsefni: M.a. valin lög úr sálmabók barnanna og íslensku sálmabókinni.

Prófkrafur: Hafa á valdi sínu aðalþríhljóma í öllum legum og tóntegundum, kunna skil á og geta notað minnkaða og stækkaða hljóma, fimmundarganga og sjöundarhljóma.

*HLB 101 Tölusettur bassi* (1 önn, 1 eining)

Nemendur læra undirstöðuatriði í leik eftir tölusettum bassa. Æfðar verða niðurlagsæfingar í öllum tóntegundum ásamt tónflutningi í skyldar tóntegundir.

Námsefni: Georg Philipp Telemann: Singe-,spiel- und generalbassübungen,

Jesper Böje Christensen: Die Grundlagen des Generalbassspiels im 18.

Jahrhundert, o.fl.

Próf í lok annar.

## Áfangalýsingar - bóklegar greinar

### **Almenn kirkjufræði**

Námskeiðin kirkjufræði I og II standa yfir í tvær annir. Kennd er ein kennslustund í viku. Umræður fara fram í tímum og nemendur fá verkefni til úrlausnar. Eá er hægt að taka bæði námskeiðin í fjarnámi í gegnum netskólann.

### **Kirkjufræði 102:**

*Biblíufræði og trúfræði ( 1 önn, 2 einingar).*

Grunnefni: William Barclay: *Leiðsögn um Nýja testamentið* (ísl. þýðing Hreinn S. Hákonarson), Skálholtsútgáfan 1993; og *Biblían frá grunni*, (ísl. þýðing Hreinn S. Hákonarson), eftir Simon Jenkins, Skálholtsútgáfan 2005. Valdar greinar úr tímaritum.

### **Kirkjufræði 201:**

*Kirkjufræði (1 önn, 1 eining)*

Grunnefni: Einar Sigurbjörnsson: *Embættisgjörð*, Skálholtsútgáfan 1996 (valdir kaflar). Valdar greinar úr tímaritum.

### **Kirkjusöngfræði**

Áfangalýsingar

*KSF 101 Kirkjusöngfræði I (1 önn, 1 eining)*

### **Almenn lýsing og markmið**

Markmið: Nemandi kynnist sálmabók íslensku kirkjunnar og sálmasöngshefð hennar. Unnið með kirkjuárssálma og sálma við kirkjuathafnir. Nemandi kynnist almennri messu safnaðarins og grunnhugsun hennar og fræðist um kirkjuathafnir. Námsþættir: Sögulegt yfirlit yfir messuhald á 19. öld og þróun messusöngsins frá þeim tíma. Messusöngsbækur 19. og 20. aldar. Val á sálmum við guðspjónustur. Messusöngvar.

Námsefni

Sálmabækur íslensku kirkjunnar, Handbók íslensku kirkjunnar 1981: I: Skýringar og leiðbeiningar bls. 7-14. Valdar greinar.

Námsmat

Verkefni og próf

*KSF 201 Tónbókmenntir kirkjunnar (1 önn, 1 eining)*

Lýsing

Farið yfir þá fjölbreyttu kirkjutónlist er við lýði er í nútímanum, frá Gregor til gospels. Stutt yfirlit yfir sögu vestrænnar kirkjutónlistar, helstu tónbókmenntir kirkjunnar og tónskáld fram á þennan dag. Hlustað á tóndæmi mismunandi tímabila og stíltegunda.

Námsefni

Andrew Wilson Dickson: The Story of Christian Music, námsefni Tónskólans.

Námsmat

Verkefni og próf

## **Sálma- og helgisiðafræði**

*Sálma- og helgisiðafræði I* (1 önn, 2 einingar) Lýsing:

Rakin verður saga kirkjusöngs og helgisiða frá tíma frumkirkjunnar og fram yfir siðbreytingu. Áhersla verður lögð á þrjá megin þætti:

- a) Arfleifð frá Gyðingum, áhrif helgisiða þeirra, trúarkveðskaps og tónlistar á guðspjónustuhald frumkirkjunnar,
- b) Kirkjusöng frumkirkju og miðalda, þar á meðal hymnakveðskap og Gregorssöng,
- c) Breyting á helgisiðum og kirkjusöng við siðbreytingu.

Markmið:

Nemendur öðlist skilning og þekkingu á þróun guðspjónustuhalds og kirkjusöngs frá upphafi kirkju og fram að siðbót.

Námsmat:

Umræður, tónlistarflutningur, verkefni og próf.

*Sálma- og helgisiðafræði II* (1 önn, 2 einingar)

Lýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir almenna sálma- og helgisiðasögu kirkjunnar frá um 1600 og fram á okkar daga. Jafnframt verða hugmyndafræðilegar forsendur guðspjónustu og sálmasöngs skoðaðar. Lögð verður áhersla á að straumar og stefnur séu skoðuð með hliðsjón af tónlistar- og kirkjusögu. Sálmar verða skoðaðir fyrst og fremst frá tónlistarlegum forsendum, en einnig frá bókmenntalegum og guðrfræðilegum sjónarhóli. Leitast verður við að tengja sögulega þáttinn við notkun á tónlist og öðru efni frá hinum ýmsu tímabilum í guðspjónustu kirkjunnar í dag.

Markmið.

Að nemendur fái yfirlit yfir hin ýmsu tímabili í sögu kirkjusöngs og helgisiða og kynnist hugmyndafræðilegum forsendum guðspjónustuhaldsins.

Námsmat:

Umræður, tónlistarflutningur, verkefni og próf.

*Sálma- og helgisiðafræði III (1 önn, 2 einingar)*

Lýsing:

Farið verður yfir þróun í guðspjónustuhaldi og kirkjusöng á Íslandi frá kristnitöku og fram á okkar daga. Starfsemi biskupsstólanna og skóla þeirra verður skoðuð. Einnig mikilvægar heimildir frá miðöldum, þar á meðal Þorlákstíðir. Rakin verður saga handbóka og sálmabóka frá siðbót. Mikilvægustu áhrifavaldar erlendis verða skoðaðir og farið yfir séríslensk einkenni.

Markið:

Að kynna fyrir nemendum íslenska guðspjónustu- og kirkjusöngssögu.

Námsmat:

Umræður, tónlistarflutningur, verkefni og próf.



**Orgelfræði** (1 önn, 3 einingar)

2 einingar verklegt

1 eining bóklegt

Námsmat: Kennaramat

Námslýsing:

Markmið námsins er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á uppbyggingu orgelsins, þekki sögu orgela síðustu 600 ár og séu færir um að gera bilanagreiningu ásamt því að gera við einfaldar bilanir.

**Námshlutar:**

**1. hluti: Orgelið og verklegur hluti (12 tímar)**

Uppbygging orgelsins, kennsla í stillingu tunguradda, bilanagreining æfð.

Lýsingar á hlutum orgels.

**2. hluti: Saga orgelsins (7 tímar)**

Sögulegum hljóðfærum lýst. Hlustað á hljóðdæmi. Nemendur gera hljóðfæralýsingar frá hverju tímabili.

Kennsluefni tekið saman af Eyþóri Inga Jónssyni

Prentaðar greinar úr ýmsum áttum.

Námsmat

Kennaramat

## Tónfræðagreinar

Samkvæmt námskrá sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu. Hér er um að ræða almenna tónfræði, hljómfraði, tónheyrn og tónlistarsögu. Þessi fög eru kennd í almennum tónlistarskólum. Ljúka þarf miðstigi fyrir Kirkjuorganistapróf og framhaldsstigi fyrir Kantorspróf. Fyrir BA-gráðu í kirkjutónlist sjá; [www.lhi.is](http://www.lhi.is)

## Stuðningur og endurmenntun

### Kórstjórnarnám

Skólinn hefur boðið nám í kórstjórn og raddþjálfun sérstaklega og hefur það verið hugsað einkum fyrir stjórnendur barna- og unglingakóra. Kórstjórn er kennd vikulega og raddþjálfun er bæði kennd í einkatímum og hóptímum.

### Fjarnám

Sumar greinar Tónskólans er hægt að taka í fjarnámi eftir samkomulagi við kennara. Verkefni eru uppsett þannig að ef nemandi skráir sig og fær sent námsefni, getur hann unnið námskeiðið hvenær sem er og lokið því með prófi. Einnig er kennt staðbundið ef þátttaka er næg.

### Stytttri námskeið

Tónskólinn hefur iðulega boðið nemendum og starfandi organistum styttri námskeið (*masterclass*) á ýmsum sviðum sem bæði nýtast nemendum skólans og einnig organistum í starfi til símenntunar.

í samvinnu við Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

### **Endurmenntunarnámskeið**

Skólinn býður reglulega upp á námskeið í endurmenntun. Bæði getur verið um að ræða námskeið sem kennd eru í kirkjutónlistarnáminu sjálfu en einnig ýmis önnur námskeið. Hægt er að sækja einkatíma í hljóðfæraleik og söng í endurmenntun og er framboð af slíku námi í boði á hverri önn. Endurmenntunarnámskeið eru auglýst á vefsíðu skólans fyrir hverja önn.

## Hlutverk og markmið

Markmið með vandaðri menntun kirkjuorganista eru aukin gæði í tónlistarstarfi kirkjunnar. Markmið þeirra gæða er að listræn framsetning og innihald tónlistar við helgihald nái að snerta sálarstrengi safnaðarmeðlima og skila fagnaðarerendinu og sunginni lofgjörð sem best.

Hlutverk skólans er svo skilgreint í starfsreglum kirkjunnar um kirkjutónlist:

5. gr. Kirkjan starfrækir Tónskóla Þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar, sbr. 4. gr. 2. mennta organista og annað tónlistarfólk til starfa innan kirkjunnar og 3. bjóða upp á símenntun í kirkjutónlist, sálmafræði og lítúrgískum fræðum. Tónskólinn heyrir undir biskup. Skólinn starfar eftir námsskrá sem biskup samþykkir.

6. gr. Biskup skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem er stjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Það starfar í samráði við söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar. Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni. Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirkjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar biskupi. Biskup setur kirkjutónlistarráði erindisbréf. Tilnefningar til setu í kirkjutónlistarráði: Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags íslenskra organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn Prestafélags Íslands einn fulltrúa og einn til vara.

7. gr. Söngmálastjóri er skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Skólastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn.

8. gr. Skólastjóri Tónskólans gerir árlega starfs- og rekstraráætlun í samráði við kirkjutónlistarráð og leggur fyrir biskup til samþykktar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Skólastjóri skilar ársskýrslu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings sem lagður er fyrir biskup.

## Um stjórnun skólans

Úr starfsreglum kirkjunnar um kirjutónlist:

6. gr. Biskup skipar þriggja manna kirjutónlistarráð sem er stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar og fagráð í kirjutónlistarmálum. Það starfar í samráði við söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni. Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar biskupi. Biskup setur kirjutónlistarráði erindisbréf. Tilnefningar til setu í kirjutónlistarráði: Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags íslenskra organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn Prestafélags Íslands einn fulltrúa og einn til vara. 7. gr. Söngmálastjóri er skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar. Skólastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn. 8. gr. Skólastjóri Tónskólans gerir árlega starfs- og rekstraráætlun í samráði við kirjutónlistarráð og leggur fyrir biskup til samþykktar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Skólastjóri skilar ársskýrslu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings sem lagður er fyrir biskup.

Kirjutónlistarráð skipa nú:

Aðalmenn

Guðmundur Sigurðsson

Sr. Jónína Ólafsdóttir

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Varamenn

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir

Sr. Anna Eiríksdóttir

Bjartur Logi Guðnason